



Borgarráð

Grænt húsnæði framtíðarinnar - tillaga um samkeppni

Lagt er til að borgarráð heimili að auglýsa eftir samstarfsaðilum við þróun á völdum reitum í Reykjavík undir grænt húsnæði framtíðarinnar.

Borgarráð samþykkti fyrir ári síðan, þann 29. október 2020, að hefja þetta verkefni. Þann 6. maí 2021 auglýsti Reykjavíkurborg svo eftir hugmyndum að því hvernig mætti byggja með léttara vistspori og hafa niðurstöður þeirrar auglýsingar verið nýttar við að móta kröfur borgarinnar til verkefnisins, samræma við sýn annarra aðila á sjálfbærni í húsnæðismálum og velja hentuga reiti í verkefnið.

Nú eru lagðar fram tillögur að reitum fyrir verkefnið auk lýsingar á formi keppinnar.

Reitirnir fimm sem lagt er til að verði lagðir fram í verkefnið verði Arnarbakki 6, Völvufell 13-23, Völvufell 43, Frakkastígur 1 og Veðurstofureitur.

Reitirnir verða flestir boðnir á föstu verði en á reitnum við Frakkastíg 1 verður óskað eftir verðtilboði til viðbótar við framsækna byggingalist og hugmyndir um græna uppbyggingu.

Áætlað er að samkeppnin fari í loftið í næstu viku.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að kynningarhefti um Grænt húsnæði framtíðarinnar, dags. 25.10.2021

Drög að matsblaði vegna Græns húsnæðis framtíðarinnar, dags. 25.10.2021

Grænt húsnæði framtíðarinnar

Samkeppni haustið 2021

Matsblað

Hér fyrir neðan má sjá hvernig umsóknir verða metnar til stiga.

1. Reitur

Val á reit er ekki metið til stiga.

2. Teymið (20%)

2.1 Samsetning og lykilmeðlimir teymis (10%)

Ófullnægjandi	Viðunandi	Mjög gott	Framúrskarandi
0%	3%	6%	10%

Framúrskarandi - Samsetning og lykilmeðlimir teymis svara að öllu leiti forsendum um að teymið samanstandi af reynslumiklum aðilum með þverfaglega kunnáttu og sannfærandi reynslu af verkefnum þar sem sjálfbærni hefur verið haft að leiðarljósi. Teymið uppfyllir skilyrði um að teymisstjóri, sjálfbærnisérfræðingur, arkitekt, landslagsarkitekt og verkfræðingur sé hluti af teyminu. Teymið samanstendur af fjölbreyttum hópi m.t.t. menntunar, kynja- og aldurssamsetningar. Séu hönnunarstjóri og byggingarstjóri ótengdir eiganda, hönnuðum, verktaka eða öðrum aðilum teymisins, er tekið jákvætt tillit til þess í samanburði við teymi annarra umsækjenda þegar að umsóknirnar eru að öðru leiti metnar jafnar.

Mjög gott – Samsetning og lykilmeðlimir teymis svara að mörgu leiti forsendum um að teymið samanstandi af reynslumiklum aðilum með þverfaglega kunnáttu og með einhverja reynslu af verkefnum þar sem sjálfbærni hefur verið haft að leiðarljósi. Teymið samanstendur að mörgu leiti af frekar fjölbreyttum hópi m.t.t. menntunar, kynja- og aldurssamsetningar. Teymið uppfyllir skilyrði um að sjálfbærnisérfræðingur, arkitekt, landslagsarkitekt og verkfræðingur sé hluti af teyminu. Séu hönnunarstjóri og byggingarstjóri ótengdir eiganda, hönnuðum, verktaka eða öðrum aðilum teymisins, er tekið jákvætt tillit til þess í samanburði við teymi annarra umsækjenda þegar að umsóknirnar eru að öðru leiti metnar jafnar.

Viðunandi - Samsetning og lykilmeðlimir teymis svara að einhverju eða litlu leiti forsendum um að teymið samanstandi af reynslumiklum aðilum með þverfaglega kunnáttu og hefur litla reynslu af verkefnum þar sem sjálfbærni hefur verið haft að leiðarljósi. Teymið samanstendur að einhverju leiti af fjölbreyttum hópi m.t.t. menntunar, kynja- og aldurssamsetningar. Teymið uppfyllir ekki skilyrði um að sjálfbærnisérfræðingur, arkitekt, landslagsarkitekt og verkfræðingur sé hluti af teyminu. Séu hönnunarstjóri og byggingarstjóri ótengdir eiganda, hönnuðum, verktaka eða öðrum aðilum teymisins, er tekið jákvætt tillit til þess í samanburði við teymi annarra umsækjenda þegar að umsóknirnar eru að öðru leiti metnar jafnar.

Ófullnægjandi - Samsetning og lykilmeðlimir teymis svara að nær engu leiti þeim forsendum um að teymið samanstandi af reynslumiklum aðilum með þverfaglega kunnáttu. Teymið hefur ekki reynslu af verkefnum þar sem sjálfbærni hefur verið haft

að leiðarljósi. Teymið samanstendur að nær engu leiti af fjölbreyttum hópi m.t.t. menntunar, kynja- og aldurssamsetningar. Teymið uppfyllir ekki skilyrði um að sjálfbærnisérfræðingur, arkitekt, landslagsarkitekt og verkfræðingur sé hluti af teyminu. Séu hönnunarstjóri og byggingarstjóri ótengdir eiganda, hönnuðum, verktaka eða öðrum aðilum teymisins, er tekið jákvætt tillit til þess í samanburði við teymi annarra umsækjenda þegar að umsóknirnar eru að öðru leiti metnar jafnar.

Rökstuðningur dómnefndar:

2.2 Kynningarmappa (portfolio) (10%)

Ófullnægjandi	Viðunandi	Mjög gott	Framúrskarandi
0%	3%	6%	10%

Framúrskarandi - Fjöldi verkefnadæma er fullnægjandi. Verkefnadæmin sýna fram á hæfni í hönnun bygginga og landslags og beitingu umhverfis- og sjálfbærnimarkmiða og eru sambærileg þeirri uppbyggingu sem fyrirhuguð er á þeim reit sem sótt er um. Verkefnadæmin endurspeglar með skýrum hætti viðeigandi kunnáttu teymisins og greinir frá því hvaða reynsla hefur skapast sem tengist áformum verkefnisins sem sótt er um. Verkefnadæmin sýna fram á styrkleika teymisins í beinu samhengi við markmið verkefnisins um vistvæna mannvirkjagerð. Verkefnadæmin eru ekki eldri en 8 ára og eru samanburðarhæf varðandi stærð og flækjustig.

Mjög gott - Fjöldi verkefnadæma er fullnægjandi. Verkefnadæmin sýna fram á hæfni í hönnun bygginga og landslags og beitingu umhverfis- og sjálfbærnimarkmiða og eru sambærileg þeirri uppbyggingu sem fyrirhuguð er á þeim reit sem sótt er um. Verkefnadæmin endurspeglar ekki með skýrum hætti viðeigandi kunnáttu og samsetningu teymisins né sýna fram á styrkleika teymisins í beinu samhengi við markmið verkefnisins um vistvæna mannvirkjagerð. Sum verkefnadæmin eru eldri en 8 ára og/eða eru ekki samanburðarhæf varðandi stærð og flækjustig.

Viðunandi - Fjöldi verkefnadæma sem sýna fram á hæfni í hönnun bygginga og landslags og varðandi beitingu umhverfis- og sjálfbærnimarkmiða er ekki nægur en skýra þó að nokkru leiti viðeigandi kunnáttu og samsetningu teymisins.

Ófullnægjandi - Fjöldi verkefnadæma sem sýna fram á hæfni í hönnun bygginga og landslags og varðandi beitingu umhverfis- og sjálfbærnimarkmiða er ekki nægur eða að þau skýra ekki að neinu leiti viðeigandi kunnáttu og samsetningu teymisins.

Rökstuðningur dómnefndar:

--

3. Lýsing á verkefni og arkitektúr (30%)

3.1 Ásýnd og skipulag (10%)

Verkefnið tekur tillit til umhverfis síns, bæði hinu byggða og náttúrulega og fyrirbyggjandi skipulagsákvæða, og endurspeglar metnaðarfulla vistvæna mannvirkjagerð með sterku heildaryfirbragði.

Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
0%	3%	6%	10%

Rökstuðningur dómnefndar:

3.2 Landslag, gróður og líffræðilegur fjölbreytileiki (10%)

Lóð er nýtt til dvalar og samveru íbúa. Landslag lóðar er mótað svo unnt sé að nýta sem mest af uppgröfnum efni á staðnum. Í landslagsmótuninni er gert ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum sem draga úr álagi á fráveitukerfi og mynda náttúrulega ferla vatns. Umfang gróðurs lóðar skal að minnsta kosti vera 80% af flatarmáli lóðar. Auk þess tryggir landmótun og gróður aukinn líffræðilegan fjölbreytileika á reitnum en var fyrir framkvæmdir.

Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
0%	3%	6%	10%

Rökstuðningur dómnefndar:

3.3 Innra fyrirkomulag (10%)

Íbúðagerðir ýta undir félagslega fjölbreytni í verkefninu. Nýting/samnýting fermetra er hugsuð á nýstárlegan átt. Verkefnið sem heild styður við aukna félagslega sjálfbærni og ýtir undir mögulega sjálfbærari lifnaðarhætti íbúa.

Mjög ósammála	Ósammála	Sammála	Mjög sammála
0%	3%	6%	10%

Rökstuðningur dómnefndar:

4. Skilyrði varðandi sjálfbærni (50%)

4.1 Byggingarefni (10%)

Ófullnægjandi	Viðunandi	Mjög gott	Framúrskarandi
0%	3%	6%	10%

Framúrskarandi – Teymið er með mjög metnaðarfulla stefnu um val og innkaup á byggingarefnum sem styðja við heilnæmara og vistvænna húsnæði. Teymið er einnig með skýr og metnaðarfull áform um hvernig draga má úr losun með engri/minni notkun á steypu í verkefninu og/eða vistvænni steypu.

Mjög gott – Teymið er að mörgu leiti með metnaðarfulla stefnu um val og innkaup á byggingarefnum sem styðja við heilnæmara og vistvænna húsnæði. Teymið er að mörgu leiti með metnaðarfull áform um hvernig draga má úr losun með engri/minni notkun á steypu í verkefninu og/eða vistvænni steypu.

Viðunandi - Teymið er að litlu leiti með stefnu um val og innkaup á byggingarefnum sem styðja við heilnæmara og vistvænna húsnæði. Teymið er að litlu leiti með áform um hvernig draga má úr losun með engri/minni notkun á steypu í verkefninu og/eða vistvænni steypu.

Ófullnægjandi - Teymið er að nær engu leiti með stefnu um val og innkaup á byggingarefnum sem styðja við heilnæmara og vistvænna húsnæði. Teymið er að nær engu leiti með áform um hvernig draga má úr losun með engri/minni notkun á steypu í verkefninu og/eða vistvænni steypu.

Rökstuðningur dómnefndar:

4.2 Framkvæmdasvæði (10%)

Ófullnægjandi	Viðunandi	Mjög gott	Framúrskarandi
0%	3%	6%	10%

Framúrskarandi – Framkvæmdaaðili áformar að afnema notkun á jarðfnaeldsneyti að öllu leiti þannig að engin losun gróðurhúsalofttegunda mun eiga sér stað á framkvæmdasvæði. Allur byggingarúrgangur frá framkvæmdasvæði verður flokkaður og bókhald yfir bæði orkunotkun og byggingarúrgang fært.

Mjög gott – Framkvæmdaaðili áformar að afnema notkun á jarðfnaeldsneyti að mörgu leiti þannig að lítil losun gróðurhúsalofttegunda mun eiga sér stað á framkvæmdasvæði. Allur byggingarúrgangur frá framkvæmdasvæði verður flokkaður og bókhald yfir bæði orkunotkun og byggingarúrgang fært.

Viðunandi – Framkvæmdaaðili áformar að afnema notkun á jarðfnaeldsneyti að litlu eða einhverju leiti þannig að talsverð losun gróðurhúsalofttegunda mun eiga sér stað á framkvæmdasvæði. Allur byggingarúrgangur frá framkvæmdasvæði verður flokkaður og bókhald yfir bæði orkunotkun og byggingarúrgang fært.

Ófullnægjandi - Framkvæmdaaðili áformar ekki að afnema notkun á jarðfnaeldsneyti. Byggingarúrgangur frá framkvæmdasvæði verður að einhverju eða engu leiti flokkaður.

Rökstuðningur dómnefndar:

4.3 Notkun (10%)

Ófullnægjandi	Viðunandi	Mjög gott	Framúrskarandi
0%	3%	6%	10%

Framúrskarandi – Sett eru metnaðarfull markmið til að lágmarka orkunotkun. Í samanburði við aðrar umsóknir skara markmið verkefnisins fram úr markmiðum annarra umsókna. Markmiðin eru rökstudd með orkuútreikningum á líftíma bygginga. Gerðar eru ráðstafanir í bæði hönnun og í leiðbeiningum fyrir notendur sem miða að því að minnka notkun á hita/rafmagni/eldsneyti. Auk þess liggur fyrir greinargóð lýsing á því hvernig viðhaldi og endurbótum verði háttað á líftíma bygginga og hvernig hugað er að vellíðan og góðri innivist í verkefninu.

Mjög gott – Sett eru markmið til að lágmarka orkunotkun en í samanburði við aðrar umsóknir eru markmið verkefnisins aðeins yfir meðallagi. Að nokkru leiti eru gerðar ráðstafanir í bæði hönnun og í leiðbeiningum fyrir notendur sem miða að því að minnka notkun á hita/rafmagni/eldsneyti. Lýsing á því hvernig viðhaldi og endurbótum verður

háttað á líftíma bygginga og hvernig hugað er að vellíðan og góðri innivist er að mörgu leiti greinargóð.

Viðunandi – Sett eru markmið til að lágmarka orkunotkun en í samanburði við aðrar umsóknir eru markmið verkefnisins undir meðallagi. Að litlu leiti eru gerðar ráðstafanir í bæði hönnun og í leiðbeiningum fyrir notendur sem miða að því að minnka notkun á hita/rafmagni/eldsneyti. Lýsing á því hvernig viðhaldi og endurbótum verður háttað á líftíma bygginga og hvernig hugað er að vellíðan og góðri innivist er ábótavant.

Ófullnægjandi – Markmið til að lágmarka orkunotkun eru að engu leiti ásættanleg. Að nær engu leiti eru gerðar ráðstafanir í bæði hönnun og í leiðbeiningum fyrir notendur sem miða að því að minnka notkun á hita/rafmagni/eldsneyti. Lýsing á því hvernig viðhaldi og endurbótum verður háttað á líftíma bygginga og hvernig hugað er að vellíðan og góðri innivist er stórlega ábótavant.

Rökstuðningur dómnefndar:

4.4 Lok líftíma (10%)

Ófullnægjandi	Viðunandi	Mjög gott	Framúrskarandi
0%	3%	6%	10%

Framúrskarandi – Verkefnið byggir á sterkri heildarhugmynd varðandi hringrás auðlinda þar sem leitast er við að koma í veg fyrir að byggingarefni verði að úrgangi á öllum vistferilskeiðum byggingar frá vöggum til grafar.

Mjög gott – Verkefnið byggir að mörgu leiti á heildarhugmynd varðandi hringrás auðlinda þar sem leitast er við að koma í veg fyrir að byggingarefni verði að úrgangi á öllum vistferilskeiðum byggingar frá vöggum til grafar.

Viðunandi – Verkefnið byggir að litlu leiti á heildarhugmynd varðandi hringrás auðlinda þar sem leitast er við að koma í veg fyrir að byggingarefni verði að úrgangi á öllum vistferilskeiðum byggingar frá vöggum til grafar.

Ófullnægjandi – Verkefnið byggir að nær engu leiti á heildarhugmynd varðandi hringrás auðlinda þar sem leitast er við að koma í veg fyrir að byggingarefni verði að úrgangi á öllum vistferilskeiðum byggingar frá vöggum til grafar.

Rökstuðningur dómnefndar:

4.5 LCA-greining og umhverfissvottanir (10%)

Ófullnægjandi	Viðunandi	Mjög gott	Framúrskarandi
0%	3%	6%	10%

Framúrskarandi – Umsóknin inniheldur skýra, metnaðargjarna og í senn raunsæja aðgerðaáætlun varðandi það að draga úr kolefnisfótspori byggingarinnar. Gert er grein fyrir því hvernig LCA-greining muni fara fram og að hún verði samkvæmt staðli EN 15978. Verkefnið mun sækjast eftir einkunninni „outstanding“ innan BREEAM-vottunarinnar eða aðra sambærilega vottun vistvænna bygginga.

Mjög gott – Umsóknin inniheldur að mörgu leiti skýra og raunsæja aðgerðaáætlun varðandi það að draga úr kolefnisfótspori byggingarinnar. Gert er grein fyrir því hvernig LCA-greining muni fara fram og að hún verði samkvæmt staðli EN 15978. Verkefnið mun ekki sækjast eftir BREEAM-vottun eða annarri sambærilegri vottun vistvænna bygginga.

Viðunandi – Umsóknin inniheldur að nokkru leiti aðgerðaáætlun varðandi það að draga úr kolefnisfótspori byggingarinnar. Gert er grein fyrir því hvernig LCA-greining muni fara fram og að hún verði samkvæmt staðli EN 15978. Verkefnið mun ekki sækjast eftir BREEAM-vottun eða annarri sambærilegri vottun vistvænna bygginga.

Ófullnægjandi – Umsóknin inniheldur að litlu leiti aðgerðaáætlun varðandi það að draga úr kolefnisfótspori byggingarinnar. Ekki er gert ráð fyrir því að gera LCA-greiningu.

Rökstuðningur dómnefndar:

5. Rekstrarform íbúða

Skilyrðum ekki fullnægt	Skilyrðum fullnægt

Til að skilyrðum sé fullnægt þarf að tilgreina hvernig húsnæði verður byggt á reitnum, fyrirhuguð stærð íbúða og hvort um sé að ræða leiguíbúðir, söluíbúðir, þjónustuíbúðir eða annað fyrirkomulag.

6. Fjárfestingargeta

Skilyrðum ekki fullnægt	Skilyrðum fullnægt

Til að skilyrðum sé fullnægt þarf að upplýsa um getu aðila til þess að fjármagna það verkefni sem þeir hyggjast byggja og hverjir séu fjárhagslegir bakhjarlar verkefnisins. Auk þess þarf að upplýsa hvort verkefnið verði fjármagnað með grænum skuldabréfum.

7. Boð í lóðir

Sækist umsækjandi eftir lóð 3 á Frakkastíg skal einnig fylgja boð í lóð. Hér gildir boð í lóð 30% til móts við lið 1-4 hér að ofan.

DRAFT



Reykjavík

Grænt húsnæði framtíðarinnar

Samkeppnislýsing

Athafnaborgin
Október 2021



Efnisyfirlit

1 Um samkeppnina	3
2 Umsóknarkröfur	8
3 Samningsgerð & úthlutun	13
4 Lóðalýsingar	18



Um samkeppnina



Samkeppni um lóðir til grænnar húsnæðisuppbyggingar

Reykjavíkurborg leitar eftir samstarfsaðilum um uppbyggingu á Grænu húsnæði framtíðarinnar á völdum reitum í borginni. Samkeppnin er hluti af Græna planinu og áformum um þéttingu byggðar. Óskað er eftir áhugasömum teymum sem vilja taka þátt í þróun á vistvænni mannvirkjum í Reykjavík.

Húsnæðismál eru eitt mikilvægasta verkefni samtímans en mikil og nauðsynleg uppbygging íbúðarhúsnæðis skilur eftir sig djúpt kolefnisfótspor. Til að breyta því þarf nýjar grænar lausnir, hugsun og hugmyndir. Þann 6. maí 2021 auglýsti Reykjavíkurborg eftir hugmyndum að *Húsnæði framtíðar með léttu vistspori*¹ og gátu öll sent inn hugmyndir um nýja hugmyndafræði, nýja byggingaraðferð eða blöndun aðferða. Innsendar hugmyndir gefa á margvíslegan hátt spennandi fyrirheit um framtíðina og nú kallar Reykjavíkurborg eftir umsóknum um nokkra spennandi þróunarreiti sem hún hyggst leggja til verkefnisins. Gert er ráð fyrir því að umsækjendur setji á laggirnar þverfagleg teymi sem vinna í samstarfi við Reykjavíkurborg á hverjum og einum reit.

¹ Sjá nánar um hugmyndaleitina:

<https://graenaplanid.reykjavik.is/deiglan/husnaedi-framtidar-med-lettu-vistspori>



Waldorfskólinn Sólstafr í Reykjavík er úr sérhönnuðum krosslímdum timbureiningum frá Element. Umsjón með byggingu skólans hafði Mannverk ehf. en aðalhönnuðir voru Basalt arkitektar.

Mynd: Sigosig



Hvað er græn húsnæðisuppbygging?

Kraftmikil íbúðaupbygging með þéttingu byggðar er lykilatriði í sóknaráætlun Reykjavíkurborgar, Græna planinu, þar sem dregin eru saman helstu verkefni og grænar fjárfestingar næstu 10 ára. Planið er byggt á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um umhverfislega, samfélagslega og efnahagslega sjálfbæra þróun en í því er horft til þess að Reykjavík verði kolefnishlutlaus árið 2040, drifin áfram af grænum vexti og þar sem enginn íbúi er skilinn eftir. Græn húsnæðisuppbygging byggir einnig á annarri stefnu borgarinnar, s.s. Aðalskipulagi Reykjavíkur og Loftslagsáætlun 2021-2025. Hún er þannig snar þáttur í að ná loftslagsmarkmiðum borgarinnar, stuðla að jöfnuði og styðja við öfluga fjárfestingu.

Samkvæmt þessum áherslum skulu nýjar íbúðir byggðar í nálægð við þjónustu í göngufjarlægð innan hverfa. Eins er markmiðið að íbúar geti sótt fjölbreytta vinnu innan hverfa eða með öflugum almenningssamgöngum en 80% nýrrar uppbyggingar á að verða innan áhrifasvæðis Borgarlínu. Með þéttingu byggðar má stytta vegalengdir, styðja við vistvænar ferðavenjur, draga úr losun CO² og koma í veg fyrir rask á ósnortinni náttúru í útjaðri byggðar. Borgin vex inn á við og þróast þannig í þágu betra loftslags, loftgæða og lýðheilsu. Samhliða verða græn svæði borgarinnar og útivistarsvæði eflað enn frekar. Þá leiðir ný vistvæn íbúðarbyggð á eldri iðnaðarlóðum einnig til grænna yfirbragðs borgarhverfa.

Auk ofangreindra atriða um sjálfbæra þróun Reykjavíkur, sem leysa þarf m.a. í borgarskipulaginu, er mikilvægt að byggingariðnaðurinn sem heild vinni að því að finna leiðir til að minnka kolefnisfótspor mannvirkja.

Hagstætt lóðaverð sem grænn hvati – umsóknir og úthlutun

Til að styðja við þróun vistvænni mannvirkja í Reykjavík hefur Reykjavíkurborg ákveðið að leggja til nokkrar lóðir í samkeppni um Grænt húsnæði framtíðarinnar. Að þessu sinni verða boðnar fimm lóðir í þremur hverfum en framhaldið ræðst af þeirri reynslu sem fæst með samkeppninni. Uppi eru hugmyndir um að bjóða til samkeppni um fleiri lóðir þegar á árinu 2022.

Samkeppnin hefst á umsóknarferli þar sem þátttakendur sækja um ákveðna lóð og lýsa hugmynd að grænni uppbyggingu, sjá nánar í kaflanum *Umsóknarkröfur* á bls. 8. Umsóknir eiga að lýsa vistvænni uppbyggingu á völdum lóðum og verða þær metnar á grundvelli matslíkans sem nánar er fjallað um í fylgigögnum.

Með því að senda inn umsókn samþykkja aðilar að Reykjavíkurborg megi nýta LCA-greiningar og aðrar greiningar varðandi kolefnisfótspor mannvirkja sem fylgja umsókn í gagnagrunn til áframhaldandi þróunar á vistvænni mannvirkjagerð. Reykjavíkurborg kann að deila gagnagrunninum með opinberum aðilum, s.s. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Fjórar þessara lóða verða á hagstæðu verði eða 57.000 kr./pr. m² byggingarréttar ofanjarðar. Fermetraverðið er miðað við byggingar-vísitölu októbermánaðar 2021 (157,2 stig) og skal það framreiknað í samræmi við þróun vísitölunnar til greiðsludags. Þetta verð býðst einungis umsækjendum með sérlega metnaðarfull verkefni hvað varðar sjálfbærni og losun gróðurhúsalofttegunda.

Ein lóðanna fer ekki á föstu verði heldur gildir boðið kaupverð í byggingarrétt 30% til móts við aðra þætti sem metnir er til stiga á matsblaði.



Gatnagerðargjald og önnur lögbundin gjöld

Auk byggingarréttar þarf lóðarhafi að greiða gatnagerðargjald sem ákvarðast í samræmi við flatarmál þeirra bygginga sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt deiliskipulagi. Þá þarf lóðarhafi að greiða önnur lögbundin gjöld, s.s. byggingarleyfisgjald og tengigjald fráveitu og önnur heimlagngjöld.

Kaupréttur Félagsbústaða að 5% íbúða á hverri lóð

Félagsbústaðir, kt. 510497-2799, eiga kauprétt á 5% íbúða á hverri lóð. Kaupverð hvers birts fermetra er 500.000 kr. miðað við byggingarvísitölu október mánaðar 2021 (157,2 stig). Sjá nánar um kauprétt Félagsbústaða á bls. 15 í kaflanum *Samningsgerð og úthlutun*.

Ólík staða lóða í skipulagi og möguleg áhrif á framvindu

Deiliskipulag lóðanna er mislangt á veg komið og er skipulagslegri stöðu þeirra, staðsetningu og mikilvægustu upplýsingum lýst nánar í kaflanum *Lóðalýsingar* sem hefst á bls. 18. Bæði er um að ræða lóðir á reitum þar sem fyrir liggur skipulag eða skipulagsferli er langt komið – og lóðir á reitum þar sem ferlið er á frumstigi. Þannig má gera ráð fyrir ólíkum hraða í framvindu uppbyggingar.

Fyrirnefndu lóðunum hefur verið ítarlega lýst og eru nýlegar skipulagsáætlanir/deiliskipulag í gildi eða í auglýsingu. Þetta gæti þýtt að þær verði fyrir byggingarhæfar og komi fyrir til úthlutunar.

Um síðarnefndu lóðirnar ríkir meiri óvissa og þar er lengra ferli fyrir höndum. Á þessum lóðum geta væntanlegir samstarfsaðilar hins vegar átt kost á því að taka þátt í þróunar- og deiliskipulagsvinnu og hafa þannig frá upphafi mótandi áhrif á endanlegt deiliskipulag og útfærslu lóða.

Umsóknarferlið

Umsóknaraðilar mega sækja um fleiri en eina lóð en óheimilt er að gera fleiri en eitt tilboð í hverja lóð. Um úthlutun lóðarinnar gilda almennir lóða- og framkvæmdaskilmálar Reykjavíkurborgar frá 13. júní 2013, skilmálar í úthlutunarkafla auk skipulagsskilmála. Þá kunna að verða settir sér skilmálar fyrir hverja lóð.

Umsóknum fyrir lóðir 1-5 skal skilað fyrir 17. desember 2021. Senda skal umsóknir á netfangið athafnaborgin@reykjavik.is með efnislínunni „Umsókn – Grænt húsnæði framtíðarinnar“.

Fyrirspurnir eða óskir um frekari upplýsingar skal senda á netfangið athafnaborgin@reykjavik.is og verður öllum fyrirspurnum svarað skriflega og svör birt <https://reykjavik.is/graenthusnaedi>. Frekari upplýsingar má jafnframt finna á heimasíðunni.

Matsnefnd skipuð fjórum aðilum, þremur fulltrúum Reykjavíkurborgar og einum utanaðkomandi aðila mun leggja mat á gögnin og gefa umsækjendum stig. Matsnefndin áskilur sér rétt til þess að kalla eftir frekari gögnum eða fá nánari kynningar á verkefnum. Niðurstöður verða birtar á <https://reykjavik.is/graenthusnaedi>.

Það teymi sem fær flest stig samkvæmt matslíkani og er með sérlega metnaðarfullt verkefni hvað varðar sjálfbærni og losun gróðurhúsalofttegunda verður boðið til frekari viðræðna. Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna öllum innsendum hugmyndum.

Nánari upplýsingar um samningsgerð, úthlutun, kauprétt félagsbústaða o.fl. má finna í síðasta kafla þessa skjals.



Lóðir í boði fyrir Grænt húsnaði framtíðarinnar 2021

Opið fyrir umsóknir. Umsóknarfrestur 17. desember 2021. Sjá nánar um lóðirnar í kaflanum *Lóðalýsingar* á bls. 18.

Lóð 1 Breiðholt – Arnarbakki 6

Fast verð

Deiliskipulag í auglýsingu

Lóð 2 Breiðholt – Völvufell 13-23

Fast verð

Deiliskipulag í auglýsingu

Lóð 3 Breiðholt – Völvufell 43

Fast verð

Deiliskipulag í auglýsingu

Lóð 4 Miðborg – Frakkastígur 1

Kaupverð hluti af matspætti

Deiliskipulag liggur fyrir

Lóð 5 Hlíðar – Veðurstofureitur

Fast verð

Deiliskipulag liggur ekki fyrir

Möguleg önnur samkeppnislota 2022

Eftirfarandi lóðir hafa verið í deigluinni varðandi mögulegt framhald verkefnisins en eru ekki lausar til umsóknar nú. Birt með fyrirvara um breytingar.

Lóð 6 Vatnsmýri – Nýi Skerjafjörður, 1. áfangi, lóðir 1a-1h

Kaupverð hluti af matspætti

Deiliskipulag liggur fyrir

Lóð 7 Ártúnshöfði, lóð 10A á mótum Svarthöfða og Götu A

Fast verð

Gert ráð fyrir að deiliskipulag verði samþykkt í lok árs 2021

Lóð 8 Breiðholt – Suðurfell

Fast verð

Deiliskipulag liggur ekki fyrir

Lóð 9 Laugardalur – Suðurlandsbraut

Fast verð

Deiliskipulag liggur ekki fyrir



Umsóknarkröfur



Hvað þarf að tilgreina í umsókninni

Í umsókn sinni skulu umsækjendur tilgreina nánar þau atriði sem hér er beðið um. Það er á ábyrgð umsækjenda að lýsa náið áformum verkefnis, innan neðangreindra flokka, svo hægt sé að meta þau. Beðið er um að lýsingin fari eftir sömu flokkum og komi í sömu röð og birtist hér. Umsækjendur skulu ekki skila inn meira efni en beðið er um. Ein A4 síða samsvarar 2400 slögum. Sjá matsblað fyrir nánari útskýringar.

1. Lóð

Greina þarf frá í umsókn hvaða lóð sótt er um. Heimilt er að sækja um fleiri en eina lóð.

2. Teymið

Lýsa skal teyminu sem sækir um lóðina. Sérstaklega þarf að tilgreina þekkingu og reynslu umsækjenda á sviði sjálfbærni, arkitektúrs, verkfræði og framkvæmda.

2.1 Samsetning teymis og lykilmeðlimir (að hámarki 4 A4 síður)

Beðið er um lýsingu á samsetningu teymis og styrkleikum út frá markmiðum verkefnisins um uppbyggingu á grænu húsnæði framtíðarinnar.

Beðið er um lýsingu á lykilmeðlimum teymisins, að hámarki 8 manns, þar sem fram kemur viðeigandi hæfni, þekking og reynsla hvers einstaklings. Lykilteymið þarf að samanstanda af teymisstjóra, sérfræðingi í vistvænni mannvirkjagerð/ sérfræðingi með reynslu af sjálfbærri þróun, arkitekt, landslagsarkitekt og verkfræðingi. Sami aðili getur gegnt fleiri

en einu hlutverki. Lögð er áhersla á að hönnunarstjóri og byggingarstjóri séu ótengdir eiganda, hönnuðum og verktökum til þess að gæta hlutleysis í eftirliti.

Reykjavíkurborg óskar eftir að sjá þverfagleg, metnaðarfull og fjölbreytileg teymi, sem geta sýnt fram á styrkleika í beinu samhengi við markmið verkefnisins um vistvæna mannvirkjagerð og sem geta í sameiningu leyst alla þætti verkefnisins.

2.2 Kynningarmappa (portfolio) (1 A4 síða (e. portrait) fyrir hvert verkefnadæmi með myndum. Að hámarki 5 síður.)

Óskað er eftir 3-5 verkefnadæmum frá teyminu (að hámarki 8 ára) þar sem fram kemur stutt lýsing á hverju verkefni fyrir sig ásamt myndefni. Í lýsingu á verkefninu þarf einnig að koma fram staðsetning verkefnis, framkvæmdaraðili, hlutverk meðlima teymisins í verkefninu, stærð og hver staða verkefnis er í dag. Lagt verður mat á gæði fyrri verkefna og horft til umhverfis- og sjálfbærnisjónarmiða þeirra.

Reykjavíkurborg óskar eftir að sjá verkefnadæmi frá teyminu, sem sýna fram á styrkleika í beinu samhengi við markmið verkefnisins um vistvæna mannvirkjagerð.



3. Lýsing á verkefni og arkitektúr

(greinagerð að hámarki 8 A4 síður (e. landscape) með myndum (e. reference) fyrir hvert atriði fyrir sig).

Hér skal lýsa tillögunni, heildarhugmynd er varðar arkitektúr, skipulag, sjálfbærni og byggingartækni verkefnisins.

Óskað er eftir lýsingu lýsingu á:

3.1 Ásýnd og skipulagi

Hvernig verkefnið tekur tillit til umhverfis síns, - hinu byggða og náttúrulega ásamt fyrirbyggjandi skipulagsákvæða, og hvernig verkefnið endurspeglar metnaðarfulla vistvæna mannvirkjagerð með sterkt heildaryfirbragð.

3.2 Landslagi, gróðri og líffræðilegum fjölbreytileika

Lýsingu á nýtingu lóðar til dvala og samveru íbúa. Lýsingu á landmótun sem tekur mið af því að nýta sem mest af uppgröfnu efni á staðnum og að gert sé ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum sem skapa náttúrulega ferla vatns og sem draga úr álagi á fráveitukerfi.

Lýsingu á gróðurpekju lóðar, dvalarsvæði og hvernig blágrænar ofanvatnslausnir verða útfærðar. Umfang gróðurpekju lóðar skal að minnsta kosti vera 80% af flatarmáli lóðar. Útfærsla lóðar, landmótun og gróðurfur skal tryggja aukinn líffræðilegan fjölbreytileika á reitnum en var fyrir framkvæmdir.

3.3 Innra skipulagi

Lýsingu á innra fyrirkomulagi m.t.t. íbúðagerða sem ýta undir sjálfbæra félagslega fjölbreytni í verkefninu. Auk þess er beðið um lýsingu á fyrirkomulagi húsnæðis m.t.t. nýhugsunar um notkun á fermetrum t.d. varðandi samnýtingu fermetra. Reykjavíkurborg óskar þess að sjá arkitektúr sem styður við aukna félagslega sjálfbærni sem ýtir undir þann mögulega íbúa að lifa sjálfbærari lifnaðarháttum með samvinnu, samvistir og samnýtingu í huga.

4. Skilyrði varðandi sjálfbærni (að hámarki 5 A4 síður)

Óskað er eftir því að gerð sé ítarleg grein fyrir því hvernig verkefnið mætir kröfum um aukna sjálfbærni, sérstaklega er varðar umhverfisáhrif bygginga á líftíma þeirra.

Sjálfbærari mannvirki standa tryggum fótum á öllum þremur stöðum sjálfbærni; hinni vistfræðilegu, félagslegu og efnahagslegu, sem háðar eru hvorri annarri. Eiginleikar þeirra verkefna sem munu berast verða metin út frá þessum þremur víddum. Aðalmarkmið verkefnisins er þó að styðja við heilbrigðar, öruggar og vandaðar byggingar þar sem lágt kolefnisspor hefur verið haft að leiðarljósi í gegnum allt þróunar-, hönnunar- og byggingarferlið.

Sjálfbærnimarkmiðum verkefnisins er skipt upp í fimm flokka. Á næstu síðum má finna nánari skilgreiningar á flokkunum og til hvaða þátta verður horft í stigagjöf.



4.1 Byggingarefni

Beðið er um stefnu um val og innkaup á byggingarefnum:

Horft er til umhverfisvottaðra byggingarefna (t.d. Svansvottun eða annarrar sambærilegrar vottunar) sem ætlað er að tryggja heilnæmara og vistvænna húsnæði. Notkun steypu er stór hluti af kolefnisspori bygginga og Reykjavíkurborg vill því gjarnan sjá hvernig hægt er að minnka kolefnissporið með því að sleppa eða lágmarka notkun á steypu í verkefninu eða nota vistvænni steypu, þar sem sement hefur verið takmarkað.

4.2 Framkvæmdasvæði

Beðið er um lýsingu á fyrirætlunum um orkunotkun á framkvæmdasvæði og hvort og að hve miklu leyti orkuskipti eru fyrirhuguð.

Einnig er beðið um lýsingu á því hvernig lágmörkun, flokkun og meðhöndlun byggingarúrgangs á verkstað mun fara fram.

4.3 Notkun

Beðið er um lýsingu á orkunotkun mannvirkja og mögulegum staðbundnum orkugjafa og hvaða markmið um orkunotkun eru sett fyrir verkefnið í heild. Auk þess er beðið um lýsingu á hvernig viðhaldi og endurbótum verði háttað og hvernig hugað er að vellíðan og góðri innivist í verkefninu.

¹ Viðmiðið er fengið úr tilraun Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins (RB) og Eflu til vistferilsgreiningar dæmigerðs íslensks íbúðarhúss frá 2020. Sjá nánar á <https://byggjumgraenniframtid.is/>

4.4 Lok líftíma

Beðið er um lýsingu á því hvernig verkefnið styður við hringrásarhagkerfið, þar sem leitast er við að koma í veg fyrir að auðlindir verði að úrgangi. Auk þess er beðið um lýsingu á hvernig byggingin sé hönnuð m.t.t. sveigjanleika og framtíðarnotkunar.

4.5 LCA-greining og vottanir vistvænna bygginga

Beðið er um aðgerðaáætlun sem miðar að því að draga úr kolefnisfótspori verkefnisins. Viðmiðið er 666 kg CO₂ ígilda á hvern m² gólfplatar á ári yfir 60 ár – frá vöggum til grafar.¹

Miðað er við að í útfærslu verkefnisins sé útfærð LCA-greining samkvæmt staðli EN 15978 sem sýnir hvernig þessum markmiðum er náð.

Borgin áskilur sér rétt til þess að nota LCA-greiningar lóðarhafa í miðlægum gagnabanka til þess að þróa áfram stefnu í vistvænni mannvirkjagerð.

Umsækjandi skal lýsa á hvern hátt staðfesting fari fram á því að skilyrðum hafi verið fullnægt þegar mannvirkjagerð er lokið. Beðið er um lýsingu á því hvort verkefnið muni sækjast eftir BREEAM-vottun, Svansvottun eða annarri vottun vistvænna bygginga og hvert markmiðið er með vottuninni.



5. Rekstrarform íbúða

Hér skal tilgreina hvernig húsnæði verði byggt á reitnum, fyrirhuguð stærð íbúða og hvort um sé að ræða leiguíbúðir, söluíbúðir, þjónustuíbúðir eða annað fyrirkomulag.

Reykjavíkurborg áskilur sér réttinn til að hafna umsókn sé rekstrarform ekki tilgreint.

6. Fjárfestingargeta

Aðilar þurfa að sýna fram á fjárfestingargetu og eigið fé. Skila þarf inn greinagerð um getu aðila til þess að fjármagna það verkefni sem þeir hyggjast byggja og hverjir séu fjárhagslegir bakhjarlar verkefnisins. Beðið er um lýsingu á því hvort og þá hvernig verkefnið sé fjármagnað með grænni fjármögnun.

Reykjavíkurborg áskilur sér réttinn til að hafna umsókn sé fjárfestingargeta ekki tilgreind eða ef fjárfestingargeta er ófullnægjandi.

7. Boð í lóðir

Sækist umsækjandi eftir lóð 4 á Frakkastíg skal auk ofangreindra umsóknarþátta einnig fylgja boð í lóð. Aðrar lóðir (lóð 1,2,3 og 5) eru boðnar á föstu verði, 57.000 kr./pr. m² byggingarréttar ofanjarðar (A+B) og þarf því ekki að skila inn tilboði í þær lóðir.

Um verðlagningu lóðar 4: Miðborg – Frakkastígur 1 gildir boðið kaupferð pr. m² byggingarréttar ofanjarðar (A+B).

Lágmarksboð í þessa lóð er kr. 57.000 pr. m² ofanjarðar.

Um allar lóðirnar gildir að auk byggingarréttar þarf lóðarhafi að greiða gatnagerðargjald sem ákvarðast í samræmi við flatamál þeirra bygginga sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt deiliskipulagi. Þá þarf lóðarhafi að greiða önnur lögbundin gjöld, s.s. byggingarleyfisgjald og tengigjald fráveitu og önnur heimagnagjöld.



Samningsgerð og úthlutun



Samningsgerð

Ákveði Reykjavíkurborg að bjóða umsækjanda til frekari viðræðna sendir hún tilkynningu á viðkomandi aðila. Í þeim tilvikum þar sem deiliskipulag lóðar liggur fyrir skal umsækjandi tilkynna um lögaðila sem á að fá úthlutað. Sá lögaðili þarf að uppfylla skilyrði 1. gr. laga nr. 19/1966 um eignarrétt og afnotarétt fasteigna með síðari breytingum. Jafnframt skal umsækjandi skila lánsloforði eða yfirlýsingu banka um fjármögnun framkvæmda, þ.m.t. kaupverð byggingarréttar og gjöld vegna lóðar, og staðfestingu viðkomandi innheimtuaðila á því, að tilboðsgjafi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld né lífeyrissjóðs gjöld starfsmanna. Slíkt lánsloforð eða yfirlýsing má ekki vera bundin öðrum fyrirvörum eða skilyrðum en því að viðkomandi fái úthlutað lóð. Gögnum skal skila innan 45 daga frá tilkynningu Reykjavíkurborgar. Heimilt er að framlengja þennan frest að beiðni umsækjanda ef málefnalegar ástæður eru fyrir hendi.

Ef umsækjandi fullnægir ekki skilyrðum um fjármögnun fyrir kaupum á byggingarréttinum og byggingarframkvæmdum fellur umsókn hans sjálfkrafa niður. Berist fullnægjandi upplýsingar samkvæmt framangreindu er umsókn lagt fyrir borgarráð sem samþykkir eða hafnar umsókninni eftir atvikum.

Í þeim tilvikum sem deiliskipulag lóðarinnar liggur ekki fyrir fær umsækjandi lóðarvilyrði gegn því að sýna fram á að hann hafi greiðan aðgang að fjármagni sem nemur a.m.k. 20% af kostnaði verkefnisins. Í lóðarvilyrðinu mun koma fram að þegar deiliskipulag liggur fyrir fær umsækjandi samsvarandi tilkynningu og hér að framan með sömu tímafrestum.

Úthlutun

Þegar borgarráð hefur samþykkt umsókn með úthlutunarbréfi borgarráðs telst kominn á bindandi kaupsamningur. Um er að ræða sölu á byggingarrétti, en ekki á lóðinni sjálfri og verður því gerður lóðarleigusamningur um lóðina sem í hlut á, sem kveður nánar á um réttindi og skyldur lóðarhafans og sýnir hann jafnframt þær kvaðir sem um lóðina gilda.

Í úthlutunarbréfi mun koma fram að standi lóðarhafi ekki við að byggja í samræmi við hugmyndir sínar skuli greiða viðbótargreiðslu fyrir byggingarréttinn. Viðbótargreiðslan verður nánar skilgreind í úthlutunarbréfi.

Áhrif skipulagsbreytinga á söluverð byggingarréttar

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á deiliskipulagi lóðar eftir að byggingarréttur á henni hefur verið seldur. Skipulagsbreyting að ósk lóðarhafa leiðir aldrei til lækkunar söluverðs byggingarréttar.

Ef samþykkt verður breyting á deiliskipulagi að ósk lóðarhafa, sem felur í sér aukinn byggingarrétt á lóð eða breytta húsagerð (t.d. úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði), áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að endurskoða söluverð byggingarréttar á viðkomandi lóð, og/eða að innheimta greiðslu fyrir aukinn byggingarrétt á grundvelli kaupverðs, eða með hliðsjón af söluverði sambærilegs byggingarréttar á nálægum lóðum. Ef ekki liggur fyrir markaðsverð byggingarréttar á nálægum lóðum og/eða ágreiningur eru uppi um markaðsverð, þá skal það metið af tveimur löggiltum fasteignasölum. Hvor aðili um sig, Reykjavíkurborg og lóðarhafi, tilnefna sinn hvorn matsmanninn.



Ákvæðið felur ekki í sér vilyrði fyrir breytingum á deiliskipulagi. Verði samþykkt meira byggingarmagn á lóðinni, en tilgreint er í úthlutunarbréfi, skal jafnframt greiða viðbótargatnagerðargjald, þegar byggingarnefndarteikningar hafa verið samþykktar og áður en byggingarleyfi er gefið út. Viðbótargatnagerðargjald vegna flatarmáls húss umfram viðmiðunarstærð tilboðs skal vera samkvæmt samþykkt um gatnagerðargjald í Reykjavíkurborg á hverjum tíma.

Nýti lóðarhafi ekki að fullu hámarksbyggingarrétt lóðar á hann hvorki rétt á endurgreiðslu hluta byggingarréttargjaldsins né gatnagerðar-gjalds.

Önnur gjöld

Byggingarleyfisgjald, úttektargjöld, skipulagsgjald, bílastæðagjald og önnur slík gjöld skulu greiðast af lóðarhafa, eftir því sem við á, í samræmi við reglur og eftir þeim gjaldskrá sem gilda hverju sinni, sjá <http://reykjavik.is/gjaldskrar/byggingarleyfisgjold> og V. kafla skipulagslaga nr. 123/2010.

Fasteignagjöld greiðast við útgáfu lóðarleigusamnings en reiknast frá úthlutun lóðar.

Tengigjald fráveitu og önnur heimlagngjöld Veitna er að finna á heimasíðu fyrirtækisins (tengigjöld hitaveitu og rafmagns, sjá www.veitur.is/verdskrar).

Kaupréttur Félagsbústaða

Félagsbústaðir, kt. 510497-2799, Þönglabakka 4,109 Reykjavík, eiga kauprétt á 5% íbúða á lóðinni og skulu stærðir þeirra vera sem hér segir:

Íbúðirnar geta verið allt að þriggja herbergja. Miðað skal við í kaupunum að stærð einstaklings- og tveggja herbergja íbúðar sé á bilinu 40-60 m² að birtri stærð með geymslu. Miðað skal við að stærð þriggja herbergja íbúðar sé á bilinu 60-80 m² að birtu flatamáli að geymslu meðtalinni. Félagsbústaðir hafa val um tegund íbúða. Íbúðirnar skal afhenda tilbúnar og skal frágangur þeirra, efnisval og gæði vera sambærilegt við aðrar íbúðir að svipaðri stærð í sömu húsum. Bílastæði fylgir ekki þessum íbúðum.

Kaupverð hvers birts fermetra á íbúð og geymslu er 500.000 kr. (virðisaukaskattur innifalinn). Kaupverðið skal greitt við afhendingu íbúðar. Framangreint kaupverð á fermetra er bundið við byggingarvísitölu októbermánaðar 2021 (157,2 stig) og skal breytast í samræmi við þróun vísitölu þessarar til greiðsludags.

Kaupréttur skal boðinn skriflega til Félagsbústaða samhliða því að teikningar verði lagðar inn til byggingarfulltrúans í Reykjavík. Kaupréttarhafi skal svara því innan 30 daga frá því að kauprétturinn er boðinn hvort hann ætli að nýta sér hann. Kaupsamning skal gera um íbúðirnar eigi síðar en við þinglýsingu eignaskiptayfirlýsingar. Í kaupsamningi verða nánari ákvæði um kaupin, þ.á.m. um staðsetningu íbúða og endanlega stærð þeirra.



Íbúðum skal skilað fullbúnum og tilbúnum til notkunar í sömu gæðum og með sambærilegar innréttingar og aðrar fullbúnar íbúðir í húsunum á lóðinni. Lóðarleigusamningur verður gefinn út þegar eignaskiptayfirlýsingu hefur verið þinglýst enda séu uppfyllt skilyrði fyrir útgáfu lóðarleigusamnings.

Framsal byggingarréttar

Kaupanda byggingarréttar er heimilt að framselja byggingarrétt sinn á lóð þegar lóðarleigusamningur hefur verið útgefinn. Þar til lóðarleigusamningur hefur verið útgefinn er framsal óheimilt án samþykkis borgarráðs.

Veðheimildir

Áður en gerður hefur verið lóðarleigusamningur um lóð er lóðarhafa ekki heimilt að veðsetja byggingarrétt sinn, nema að fengnu sérstöku veðleyfi. Veðleyfi verður ekki gefið út nema öll gjöld vegna lóðar hafi verið greidd, eða að gefið verði út skilyrt veðleyfi til banka um greiðslu gjaldanna, sem ekki er bundið öðrum skilyrðum en því, að heimiluð verði veðsetning byggingarréttarins á lóð. Beiðni um veðleyfi skal beint til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, Ráðhúsi Reykjavíkur.

Lóðarleigusamningar

Lóðarleigusamningur fyrir lóðina verður gerður þegar kaupverð byggingarréttar og öll gjöld sem lögð hafa verið á lóðina frá úthlutun hennar, þ.m.t. gatnagerðargjöld, fasteignagjöld og önnur sambærileg gjöld, hafa verið greidd.

Þegar kaupverð byggingarréttarins auk gatnagerðargjalds er að fullu greitt skal lóðarhafi snúa sér til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, Ráðhúsi Reykjavíkur, til þess að fá lóðarleigusamning.

Lóðarhafi ber kostnað af þinglýsingu lóðarleigusamninga.

Lóðarleigusamningur verður aðeins gerður við lóðarhafa sem fær úthlutað lóðinni og er því óheimilt að ráðstafa lóðinni með sölu, veðsetningu eða á annan sambærilegan hátt án samþykkis Reykjavíkurborgar fyrir en lóðarleigusamningur hefur verið gefinn út. Byggingarleyfi verður ekki útgefið nema öll gjöld vegna húsbyggingarinnar hafa verið greidd.

Greiðslufrestur, vanskil og viðurlög við þeim

Ef kaupandi byggingarréttar, sem skilmálar þessir taka til, innir ekki af hendi greiðslu kaupverðs byggingarréttarins innan fresta, fellur úthlutun niður með afturköllun borgarráðs á úthlutuninni.

B-dagur, framkvæmdafrestur, viðurlög við brotum og riftunar-heimildir

Upphaf framkvæmdafresta miðast við byrjunardag tímafresta (nefnt B-dagur í almennum lóða og framkvæmdaskilmálum Reykjavíkurborgar frá 13. júní 2013). B-dagur (byrjunardagur tímafresta) er annað hvort:

1. Dagsetning lóðarúthlutunar, enda liggi fyrir, að lóðin sé byggingarhæf. Þess er þá getið í úthlutunarbréfi.
2. Ef lóð er ekki byggingarhæf við úthlutun, gildir dagsetning sérstakrar tilkynningar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara til lóðarhafa um, að lóðin sé orðin byggingarhæf.



Eftirfarandi framkvæmdafrestir gilda:

1. Aðaluppdrættir húss og lóðar skulu hafa borist embætti byggingarfulltrúans í Reykjavík til samþykktar eigi síðar en 2 árum eftir B-dag.
2. Eigi síðar en 3 árum eftir B-dag skal lóðarhafi hafa gert hús fokhelt, sbr. ÍST 51:2001, byggingarstig 4.
3. Eigi síðar en 4 árum eftir B-dag skal lóðarhafi hafa lokið fullnaðarfrágangi byggingar og lóðar að utan í samræmi við samþykktu aðal- og séruppdrætti.
4. Virði lóðarhafi ekki þessi ákvæði um tímafresti um upphaf framkvæmda getur Reykjavíkurborg rift samningi um sölu viðkomandi byggingarréttar og afturkallað lóðarúthlutunina enda hafi lóðarleigusamningur ekki verið gefinn út. Fer þá um endurgreiðslu eins og segir í 3. og 4. mgr. greinar 1.14. í almennum lóða- og framkvæmdaskilmálum.

Stöðvist byggingarframkvæmdir eða dragist umfram viðeigandi framkvæmdafresti og lóðarhafi sinnir ekki tilmælum eða áskorunum byggingarfulltrúa um að halda þeim áfram, getur byggingarfulltrúi og Mannvirkjastofnun beitt þvingunarúrræðum samkvæmt X. kafla laga nr. 160/2010 um mannvirki og 2. og 3. mgr. í grein 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 um dagsektir og framkvæmdir á kostnað lóðarhafa.

Leiði brot á ákvæðum um framkvæmdafresti til kostnaðar fyrir Reykjavíkurborg vegna ráðstafana sem ella væru óþarfar, en sem grípa þarf til vegna dráttarins eða vanefnda lóðarhafa, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að innheimta kostnaðinn hjá lóðarhafa á hverjum tíma.



Lóðalýsingar

Lóð 1	Breiðholt – Arnarbakki 6	19-22
Lóð 2	Breiðholt – Völvufell 13-23	23-25
Lóð 3	Breiðholt – Völvufell 43	26-28
Lóð 4	Miðborg – Frakkastígur 1	29-31
Lóð 5	Hlíðar – Veðurstofureitur	32-34



Breiðholt Arnarbakki 6*

- Húsgerð/notkun: Íbúðir, fjölbýli
- Hæðafjöldi (hámark): 3-4 hæðir
- Íbúðafjöldi (leiðbeinandi): 25
- Lóðarstærð: 1.330 m²
- Byggingarmagn (A): 2.405 m²
- Byggingarmagn (B+C): 179 m²
- Kjallari: 653 m²
- Nýtingarhlutfall alls: 2,4

Deiliskipulagsbreyting:
Basalt arkitektar

Aðliggjandi byggð/umhverfi: Deiliskipulagssvæðið er staðsett í miðju íbúðahverfi og við hlið þess er Breiðholtsskóli.

Húsagerð og notkun: Fjölbýlishús á einni lóð með íbúðum á öllum hæðum nema kjallara. Gististarfsemi er ekki heimiluð. Heimild er fyrir kjallara undir allri byggingunni. Byggingin stallast eftir endilöngu og er á 3-4 hæðum. Gert er ráð fyrir samtals 25 íbúðum af fjölbreyttri stærð. Engin ein tegund íbúða, skilgreind út frá herbergjafjölda, getur verið meira en 35% af fjölda íbúða.

Húshæðir og þök: Heimild er til byggingar 3-4 hæða með mænispaki. Heimild er til byggingar kvista.

Blágrænar ofanvatnslausnir: Allt yfirborðsvatn á lóðum og röskuðu borgarlandi skal meðhöndlað með blágrænum ofanvatnslausnum sem fléttast inn í hönnun allra mannvirkja og lóða að teknu tilliti til aðliggjandi lóða, gatna og almenningsrýma.

- *Útdráttur úr tillögu að breytingum á deiliskipulagi*

Stangist lýsing lóðarinnar að Arnarbakka 6 í þessum bæklingi á við önnur gögn gildir auglýst breyting að deiliskipulagi frá 23. júní 2021.

Félagsbústaðir eiga kauprétt að 5% íbúða á lóðinni, sjá nánar á bls. 15 í kaflanum *Samningsgerð og úthlutun*.

*Sjá nánar uppdrætti, stærðir, skilmála og kvaðir í tillögu Basalt arkitekta að breytingum á deiliskipulagi, ásamt fylgigögnum, sem skipulags- og samgönguráð samþykkti að auglýsa þann 23. júní 2021:


https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/9_breidholt_i_bakkar.pdf



Breiðholt Arnarbakki 6*

- Húsgerð/notkun: Íbúðir, fjölbýli
- Hæðafjöldi (hámark): 3-4 hæðir
- Íbúðafjöldi (leiðbeinandi): 25
- Lóðarstærð: 1.330 m²
- Byggingarmagn (A): 2.405 m²
- Byggingarmagn (B+C): 179 m²
- Kjallari: 653 m²
- Nýtingarhlutfall alls: 2,4

Deiliskipulagsbreyting:
Basalt arkitektar



Yfirlitskort

Basalt arkitektar

*Sjá nánar uppdretti, stærðir, skilmála og kvaðir í tillögu Basalt arkitekta að breytingum á deiliskipulagi, ásamt fylgigögnum, sem skipulags- og samgönguráð samþykkti að auglýsa þann 23. júní 2021: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/9_breidholt_i_bakkar.pdf



Breiðholt Arnarbakki 6*

- Húsgæð/notkun: Íbúðir, fjölbýli
- Hæðafjöldi (hámark): 3-4 hæðir
- Íbúðafjöldi (leiðbeinandi): 25
- Lóðarstærð: 1.330 m²
- Byggingarmagn (A): 2.405 m²
- Byggingarmagn (B+C): 179 m²
- Kjallari: 653 m²
- Nýtingarhlutfall alls: 2,4

Deiliskipulagsbreyting:
Basalt arkitektar



Snið 3 og afstöðumynd

Basalt arkitektar


*Sjá nánar uppdrætti, stærðir, skilmála og kvaðir í tillögu Basalt arkitekta að breytingum á deiliskipulagi, ásamt fylgigögnum, sem skipulags- og samgönguráð samþykkti að auglýsa þann 23. júní 2021: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/9_breidholt_i_bakkar.pdf



Breiðholt Arnarbakki 6*

- Húsgerð/notkun: Íbúðir, fjölbýli
- Hæðafjöldi (hámark): 3-4 hæðir
- Íbúðafjöldi (leiðbeinandi): 25
- Lóðarstærð: 1.330 m²
- Byggingarmagn (A): 2.405 m²
- Byggingarmagn (B+C): 179 m²
- Kjallari: 653 m²
- Nýtingarhlutfall alls: 2,4

Deiliskipulagsbreyting:
Basalt arkitektar



Kennisnið



Dæmi um húsgerðir – horft yfir grænt svæði norður að Arnarbakka 6

*Sjá nánar uppdrætti, stærðir, skilmála og kvaðir í tillögu Basalt arkitekta að breytingum á deiliskipulagi, ásamt fylgigögnum, sem skipulags- og samgönguráð samþykkti að auglýsa þann 23. júní 2021: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/9_breidholt_i_bakkar.pdf



Breiðholt Völvufell 13-23*

- Lóðarstærð: 1.920 m²
- Húsgæði/notkun: Raðhús, 3 herb., eða 2 íbúðir á hvorri hæð
- Hæðafjöldi (hámark): 2 hæðir
- Íbúðafjöldi: Allt að 6 raðhús, 6 íbúðir eða 6 parhús allt að 12 íbúðir
- Byggingarmagn (A): 1.080 m²
- Byggingarmagn (B+C): 240 m²
- Kjallari: 45 m²
- Nýtingarhlutfall ofanjarðar (hámark): 5,68

Deiliskipulagsbreyting: Krads

Aðliggjandi byggð/umhverfi: Austan megin við Völvufell er 4 hæða fjölbýlishúsabyggð nyrst á svæðinu en lágreist raðhúsabyggð sunnan megin sem teygir sig í átt að Breiðholtsbraut. Vestan megin við svæðið er einnig lágreist raðhúsabyggð við Yrsufell.

Húsgæði: Heimild er fyrir 6 raðhúsum með sérafnotafleti á lóð Völvufells 13-23. Heimild er til að hvert raðhús verði tvær íbúðir.

Húshæðir og þök: Húshæðir eru ein eða tvær hæðir auk þess sem leyfilegt er að gera niðurgrafinn kjallara undir helming byggingar. Þakform er slétt eða einhalla eftir langhlið byggingarreitar hvers húss. Þak má skarast og/eða halla í báðar áttir.

Blágrænar ofanvatnslausnir: Allt yfirborðsvatn á lóðum og röskuðu borgarlandi skal meðhöndlað með blágrænum ofanvatnslausnum sem fléttast inn í hönnun allra mannvirkja og lóða að teknu tilliti til aðliggjandi lóða, gatna og almenningsrýma.

- Útdráttur úr tillögu að breytingum á deiliskipulagi

*Sjá nánar uppdrætti, stærðir, skilmála og kvaðir í tillögu Krads að breytingum á deiliskipulagi, ásamt fylgigögnum, sem skipulags- og samgönguráð samþykkti að auglýsa þann 23. júní 2021:
https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/10_breidholt_iii_fell.pdf

Stangist lýsing lóðarinnar að Völvufelli 13-23 í þessum bæklingi á við önnur gögn gildir auglýst breyting að deiliskipulagi frá 23. júní 2021.

Félagsbústaðir eiga kauprétt að 5% íbúða á lóðinni, sjá nánar á bls. 15 í kaflanum *Samningsgerð og úthlutun*.



Breiðholt Völvufell 13–23*

- Lóðarstærð: 1.920 m²
- Húsgerð/notkun: Raðhús, 3 herb., eða 2 íbúðir á hvorri hæð
- Hæðafjöldi (hámark): 2 hæðir
- Íbúðafjöldi: Allt að 6 raðhús, 6 íbúðir eða 6 parhús allt að 12 íbúðir
- Byggingarmagn (A): 1.080 m²
- Byggingarmagn (B+C): 240 m²
- Kjallari: 45 m²
- Nýtingarhlutfall ofanjarðar (hámark): 5,68

Deiliskipulagsbreyting: Krads



Yfirlitskort


*Sjá nánar uppdrætti, stærðir, skilmála og kvaðir í tillögu Krads að breytingum á deiluskipulagi, ásamt fylgigögnum, sem skipulags- og samgönguráð samþykkti að auglýsa þann 23. júní 2021: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/10_breidholt_iii_fell.pdf



Breiðholt Völvufell 13–23*

- Lóðarstærð: 1.920 m²
- Húsgerð/notkun: Raðhús, 3 herb., eða 2 íbúðir á hvorri hæð
- Hæðafjöldi (hámark): 2 hæðir
- Íbúðafjöldi: Allt að 6 raðhús, 6 íbúðir eða 6 parhús allt að 12 íbúðir
- Byggingarmagn (A): 1.080 m²
- Byggingarmagn (B+C): 240 m²
- Kjallari: 45 m²
- Nýtingarhlutfall ofanjarðar (hámark): 5,68

Deiliskipulagsbreyting: Krads



Möguleg sviðsmynd
Hjólaskýli og sorpgeymsla við raðhús

*Sjá nánar uppdrætti, stærðir, skilmála og kvaðir í tillögu Krads að breytingum á deiluskipulagi, ásamt fylgigögnum, sem skipulags- og samgönguráð samþykkti að auglýsa þann 23. júní 2021: https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/10_breidholt_iii_fell.pdf



Breiðholt Völvufell 43*

- Lóðarstærð: 625 m²
- Húsgæð/notkun: Námsmannaíbúðir
- Hæðafjöldi (hámark): 4-5 hæðir
- Íbúðafjöldi: Allt að 40 einstaklingsherbergi með sameign
- Byggingarmagn (A): 2.080 m²
- Byggingarmagn (B+C): 310 m²
- Kjallari: 0 m²
- Nýtingarhlutfall ofanjarðar (hámark): 3,33

Deiliskipulagsbreyting: Krads

Aðliggjandi byggð/umhverfi: Austan megin við Völvufell er 4 hæða fjölbýlishúsabyggð nyrst á svæðinu en lágreist raðhúsabyggð sunnan megin sem teygir sig í átt að Breiðholtsbraut. Vestan megin við svæðið er einnig lágreist raðhúsabyggð við Yrsufell.

Húsgæð: Sameiginleg rými og þjónusturými á 1. hæð og námsmannaíbúðir á efri hæðum.

Húshæðir og þök: Völvufell 43 hefur heimild til byggingar 4 hæða til suðurs og 5 hæða til norðurs. Heimild er til að nota þak lægri byggingarluta sem þakgarða.

Blágrænar ofanvatnslausnir: Allt yfirborðsvatn á lóðum og röskuðu borgarlandi skal meðhöndlað með blágrænum ofanvatnslausnum sem fléttast inn í hönnun allra mannvirkja og lóða að teknu tilliti til aðliggjandi lóða, gatna og almenningsrýma.

- Útdráttur úr tillögu að breytingum á deiliskipulagi

Stangist lýsing lóðarinnar að Völvufelli 13-23 í þessum bæklingi á við önnur gögn gildir auglýst breyting að deiliskipulagi frá 23. júní 2021.

Félagsbústaðir eiga kauprétt að 5% íbúða á lóðinni, sjá nánar á bls. 15 í kaflanum *Samningsgerð og úthlutun*.

*Sjá nánar uppdrætti, stærðir, skilmála og kvaðir í tillögu Krads að breytingum á deiliskipulagi, ásamt fylgigögnum, sem skipulags- og samgönguráð samþykkti að auglýsa þann 23. júní 2021:
https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/10_breidholt_iii_fell.pdf



- Lóðarstærð: 625 m²
- Húsgæð/notkun: Námsmannaíbúðir
- Hæðafjöldi (hámark): 4-5 hæðir
- **Íbúðafjöldi:** Allt að 40 einstaklingsherbergi með sameign
- Byggingarmagn (A): 2.080 m²
- Byggingarmagn (B+C): 310 m²
- Kjallari: 0 m²
- Nýtingarhlutfall ofanjarðar (hámark): 3,33

Deiliskipulagsbreyting: Krads



*Sjá nánar uppdrætti, stærðir, skilmála og kvaðir í tillögu Krads að breytingum á deiliskipulagi, ásamt fylgigögnum, sem skipulags- og samgönguráð samþykkti að auglýsa þann 23. júní 2021:


https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/10_breidholt_iii_fell.pdf




Breiðholt Völvufell 43*

- Lóðarstærð: 625 m²
- Húsgerð/notkun: Námsmannaíbúðir
- Hæðafjöldi (hámark): 4-5 hæðir
- Íbúðafjöldi: Allt að 40 einstaklingsherbergi með sameign
- Byggingarmagn (A): 2.080 m²
- Byggingarmagn (B+C): 310 m²
- Kjallari: 0 m²
- Nýtingarhlutfall ofanjarðar (hámark): 3,33

Deiliskipulagsbreyting: Krads



Snið AA



Snið EE

*Sjá nánar uppdrætti, stærðir, skilmála og kvaðir í tillögu Krads að breytingum á deiliskipulagi, ásamt fylgigögnum, sem skipulags- og samgönguráð samþykkti að auglýsa þann 23. júní 2021:

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/10_breidholt_iii_fell.pdf



Miðborg Frakkastígur 1*

- Lóðarstærð: 741,0 m²
- Húsgerð/notkun: Íbúðir á 2.-7. hæð, atvinna, verslun og þjónusta á 1. hæð
- Hæðafjöldi: 2-7 hæðir
- Íbúðafjöldi: 20
- Byggingarmagn (A+B+C): 1.665 m²
- Nýtingarhlutfall: 2,25

Deiliskipulagsbreyting: VA arkitektar

Byggðamynstrið og núverandi aðstæður: Skipulagssvæðið er í sterkum tengslum við helstu kennileiti Reykjavíkur, Hallgrímskirkju og tónlistarhúsið Hörpu, sérstaklega þegar gengið er að listaverkinu Sólfarinu.

Markmið: Stuðla að þéttri byggð og fjölbreyttri flóru mannlífs með nýrri byggingu á Frakkastíg 1. Með lögun byggingar er leitast við að brúa ólíkt byggðarmynstur og skapa jafnvægi í umhverfinu.

Frakkastígur 1 - Nýbygging: Heimilt er að reisa á lóðinni 7 hæða nýbyggingu, ásamt bílastæðakjallara. Á 1. hæð skal vera atvinna, verslun og þjónusta en íbúðir, þar með talið námsmannaíbúðir, á 2. – 7. hæð.

Inndregnar hæðir við Skúlagötu: Tvær efstu hæðir, 6. og 7. hæð, skulu vera inndregnar að lágmarki 1,2 m.

Fornleifaeftirlit: Tryggja skal að fornleifaeftirlit verði við framkvæmdir á lóðinni Frakkastíg 1 undir stjórn fornleifafræðings.

Lagnir á lóðum: Færa þarf til lagnir innan lóða á kostnað lóðarhafa og hafa skal samráð við Veitur tengt framkvæmdinni.

- Útdráttur úr breyttu deiliskipulagi

Stangist lýsing lóðarinnar að Frakkastíg 1 í þessum bæklingi á við önnur gögn gildir auglýst breyting að deiliskipulagi frá 23. júní 2021.

Félagsbústaðir eiga kauprétt að 5% íbúða á lóðinni, sjá nánar á bls. 15 í kaflanum *Samningsgerð og úthlutun*.


*Sjá nánar uppdraetti, stærðir, skilmála og kvaðir í breyttu deiliskipulagi VA arkitekta, ásamt fylgigögnum, samþykktu í borgarráði 10. desember 2020 og [birtu](http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=17637438127841112399) í B-deild stjórnartíðinda 1. febrúar 2021: <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=17637438127841112399>



Miðborg Frakkastígur 1*

- Lóðarstærð: 741,0 m²
- Húsgerð/notkun: Íbúðir á 2.-7. hæð, atvinna, verslun og þjónusta á 1. hæð
- Hæðafjöldi: 2-7 hæðir
- Íbúðafjöldi: 20
- Byggingarmagn (A+B+C): 1.665 m²
- Nýtingarhlutfall: 2,25

Deiliskipulagsbreyting: VA arkitektar



Yfirlitskort



*Sjá nánar uppdrætti, stærðir, skilmála og kvaðir í breyttu deiliskipulagi VA arkitekta, ásamt fylgigögnum, samþykktu í borgarráði 10. desember 2020 og birtu í B-deild stjórnartíðinda 1. febrúar 2021: <http://skipulagsaaetlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagvafur/DisplayDoc.aspx?itemid=17637438127841112399>



Miðborg Frakkastígur 1*

- Lóðarstærð: 741,0 m²
- Húsgerð/notkun: Íbúðir á 2.-7. hæð, atvinna, verslun og þjónusta á 1. hæð
- Hæðafjöldi: 2-7 hæðir
- Íbúðafjöldi: 20
- Byggingarmagn (A+B+C): 1.665 m²
- Nýtingarhlutfall: 2,25

Deiliskipulagsbreyting: VA arkitektar



Snið AA

*Sjá nánar uppdætti, stærðir, skilmála og kvaðir í breyttu deiliskipulagi VA arkitekta, ásamt fylgigögnum, samþykktu í borgarráði 10. desember 2020 og [birtu](http://skipulagsaatlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagsvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=17637438127841112399) í B-deild stjórnartíðinda 1. febrúar 2021: <http://skipulagsaatlanir.skipulagsstofnun.is/skipulagsvefur/DisplayDoc.aspx?itemid=17637438127841112399>



Hlíðar Veðurstofureitir

- Stærð reits: 0,5 til 0,6 hektarar
- Húsgerð/notkun: Mögulega íbúðir, verslun og þjónusta
- Hæðafjöldi: Óþekkt
- Fjöldi íbúða: Óþekktur, mögulega allt að rúmlega 80
- Byggingarmagn: Óþekkt
- Nýtingarhlutfall: Óþekkt en rætt hefur verið um möguleika á talsvert háu nýtingarhlutfalli - allt að 3,0

Deiliskipulag á hugmyndastigi

Veðurstofureitur: Mögulega væri um að ræða allt að þriðjung af svokölluðum Veðurstofureit, allt að 0,5 til 0,6 hektara.

Fjöldi íbúða á þessum 0,5 til 0,6 hekturum gæti skv. heimildum í gildandi aðalskipulagi numið allt að rúmlega 80.

Til samanburðar má nefna að 60 íbúðir á hvern hektara þykir almennt lágmark eða viðmið þegar horft er til sjálfbærni íbúðahverfa – m.t.t. þess að þar fái þjónusta þrífist.

Til frekari samanburðar má nefna að um 80 íbúðir verða á hvern hektara í Nýja Skerjafirði – með nýtingarhlutfallið 1,4 til 1,6.

Þjónusta og verslun í sameiginlegu bílahúsi með Veðurstofu: Hugmynd að bílastæðahúsi sem rúma myndi allt að 100-120 ökutæki hefur verið varpað fram í hugmyndaferlinu. Húsið gæti mögulega hýst þjónustu og (matvöru) verslun á jarðhæð.

- Skv. heimildum umhverfis- og skipulagssviðs

Gróður/mói: Hugmyndir hafa verið uppi um að þyrma gróðurreit/fláa rétt austan við horn Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar svo halda megí einhverju náttúrulegu opnu grænu svæði í mótsetningu við mikinn þéttleika nýrrar byggðar á Veðurstofureit.

Félagsmiðstöð: Í vinnu við nýtt hverfisskipulag Hlíða hefur oft verið horft til Veðurstofuhæðar m.t.t. þess hvort þar gæti risið félagsmiðstöð með inni- og útiaðstöðu. Þetta mætti vinna í samvinnu við deild borgarhönnunar.

Félagsbústaðir eiga kauprétt að 5% íbúða á lóðinni, sjá nánar á bls. 15 í kaflanum *Samningsgerð og úthlutun*.



Hlíðar Veðurstofureitur

- Stærð reits: 0,5 til 0,6 hektarar
- Húsgæð/notkun: Mögulega íbúðir, verslun og þjónusta
- Hæðafjöldi: Óþekkt
- Fjöldi íbúða: Óþekktur, mögulega allt að rúmlega.80
- Byggingarmagn: Óþekkt
- Nýtingarhlutfall: Óþekkt en rætt hefur verið um möguleika á talsvert háu nýtingarhlutfalli - allt að 3,0

Deiliskipulag á hugmyndastigi



Loftmynd af Veðurstofureit.

Borgarvefsjá/LUKR/Samsýn



Hlíðar Veðurstofureitur

- Stærð reits: 0,5 til 0,6 hektarar
- Húsgæð/notkun: Mögulega íbúðir, verslun og þjónusta
- Hæðafjöldi: Óþekkt
- Fjöldi íbúða: Óþekktur, mögulega allt að rúmlega.80
- Byggingarmagn: Óþekkt
- Nýtingarhlutfall: Óþekkt en rætt hefur verið um möguleika á talsvert háu nýtingarhlutfalli - allt að 3,0

Deiliskipulag á hugmyndastigi



Mynd: Pétur Thomsen



Hlíðar Veðurstofureitur

- Stærð reits: 0,5 til 0,6 hektarar
- Húsgerð/notkun: Mögulega íbúðir, verslun og þjónusta
- Hæðafjöldi: Óþekkt
- Fjöldi íbúða: Óþekktur, mögulega allt að rúmlega.80
- Byggingarmagn: Óþekkt
- Nýtingarhlutfall: Óþekkt en rætt hefur verið um möguleika á talsvert háu nýtingarhlutfalli - allt að 3,0

Deiliskipulag á hugmyndastigi



Mynd: Pétur Thomsen